

**E/S****EINKALEYFASTOFAN**

Lindargötu 9 IS-150 Reykjavík

Þórður S. Gunnarsson hrl.
Ármúla 17
108 Reykjavík

Tilvísun yðar:

Tilvísun vor:

Dagsetning:

430-92/133

27.01.1993

MÁL:

Andmæli Þórðar S. Gunnarssonar hrl., í nafni Kolaportsins hf.,
Reykjavík

gegn

skráningu vörumerkisins GRJÓTAPORTIÐ (orðmerki), sbr. umsókn
nr. 133/1992, frá Jens Ingólfssyni, Álheimum.70, Reykjavík.

ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA**MÁLSATVIK:**

Hinn 25.02.1992 tilkynnti Jens Ingólfsson, Álheimum 70,
Reykjavík, til skráningar vörumerkið GRJÓTAPORTIÐ (orðmerki)
fyrir flokk nr. 35. Umsóknin er nr. 133/1992. Vörumerkið var birt til
andmæla í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum þann 14.04.1992.

Með bréfi dags. 04.05.1992, er barst Einkaleyfastofunni
04.06.1992, andmælti Þórður S. Gunnarsson hrl., Ármúla 17,
Reykjavík, skráningu vörumerkisins í nafni Kolaportsins hf.,
Álfheimum 70, Reykjavík. Andmælin byggja á ruglingshættu við
skráð vörumerki andmælanda, KOLAPORTIÐ (orðmerki) nr.
585/1991, fyrir flokk nr. 35. Nánari greinargerð var boðuð síðar.

Umsækjanda voru kynnt andmælin með bréfi dags. 04.06.1992.

Hinn 31.08.1992 barst Einkaleyfastofunni greinargerð andmælanda, dags. 29.08.1992. Andmælandi telur vörumerkið GRJÓTAPORTIÐ, skv. umsókn nr. 133/1992, skapa ruglingshættu gagnvart skráðu vörumerki andmælanda og brjóti þannig gegn vörumerkjarétti hans, sbr. 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga nr. 47/1968 (vml.). Fullyrðingu sína um ruglingshættu rökstyður andmælandi með því að í umsókn nr. 133/1992 er óskað skráningar fyrir sama þjónustuflokk og merki andmælanda er skráð fyrir, því sé skilyrði 1. mgr. 6. gr. vml. um vörulíkingu uppfyllt, en auk þess sé veruleg sjón- og hljóðlíking með merkjum þessum. Í greinargerð andmælanda segir síðan orðrétt: „Í þessu sambandi verður að hafa í huga að meginuppistaðan í báðum merkjunum sem skráð eru með venjulegu skriflettri er annars vegar orðið „PORTIÐ“ sem er að vissu leyti ríkjandi í báðum merkjunum og hins vegar orðin GRJÓTA og KOLA sem eru til þess fallin ein sér og þó sérstaklega í samsetningu með orðinu PORTIÐ að skapa verulega ruglingshættu.“ Andmælandi krefst þess að skráningu merkisins GRJÓTAPORTIÐ verði synjað, með vísan til 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vml.

Umsækjanda var send greinargerð andmælanda með bréfi dags. 03.09.1992 og honum veittur frestur til 03.01.1993 til þess að gera athugasemdir við málið og jafnframt tilkynnt að að þeim tíma liðnum yrði málið tekið til ákvörðunar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Hinn 05.01.1993 hafði engin greinargerð borist frá umsækjanda og var aðilum málsins þá tilkynnt, með bréfi dags. 05.01.1993, að mál þetta yrði tekið til ákvörðunar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

NIÐURSTAÐA:

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins GRJÓTAPORTIÐ (orðmerki), skv. umsókn nr. 133/1992, fyrir flokk nr. 35. Andmælandi er eigandi vörumerkisins KOLAPORTIÐ (orðmerki), skráð nr. 585/1991 fyrir sama þjónustuflokk.

Vörumerkin GRJÓTAPORTIÐ og KOLAPORTIÐ eru bæði samsett orð með PORTIÐ að seinni hluta. Ekki verður fallist á það með andmælanda að hljóð- og sjónlíking sé slík með þessum vörumerkjum að valdið geti ruglingshættu. Fyrri hlutar vörumerkjanna, GRJÓTA- og KOLA-, eru sérkennandi fyrir vörumerkin en sameiginlegur seinni hluti þeirra, -PORTIÐ, verður að teljast veikari hluti þeirra og vísar til þess húsnæðis þar sem bjóða á fram viðkomandi þjónustu.

Með vísan til ofanritaðs verður ekki talið að skilyrði til beitingar 6. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, séu hér uppfyllt.

ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA.

Skráning vörumerkisins GRJÓTAPORTIÐ (orðmerki), skv. umsókn nr. 133/1992, er heimiluð.

Ellý K.J. Guðmundsdóttir lögfr.

Afrit:
Jens Ingólfsson
Álfheimum 70
104 Reykjavík